

Sp.

301. Svar

[203. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn frá Eiði Guðnasyni um fæðisdagpeningaeign sjómanna í áhafnadeild Aflatryggingasjóðs.

Inneign sjómanna í áhafnadeild Aflatryggingasjóðs.

Þó að langt sé um liðið frá því Aflatryggingasjóður var lagður niður hafa fæðisskýrslur verið að berast áhafnadeild sjóðsins til þessa dags. Sá háttur hefur verið hafður á í haust að safna saman síðbúnum skýrslum og tölvukeyra þær og afgreiða saman. Þann 23. október s.l. voru afgreiddar allar þær fæðisskýrslur sem þá lágu fyrir. Næsti afgreiðsludagur var 8. desember s.l. og voru þá afgreiddar þær skýrslur sem borist höfðu frá seinasta greiðsludegi og fullnægðu skilyrðum til greiðslu, samtals 4,1 millj. kr. Inneign sjómanna hjá áhafnadeild Aflatryggingasjóðs er því engin í dag. Hins vegar liggja fyrir fæðisskýrslur, sem nýlega hafa borist, frá fimm bátum, að upphæð u.þ.b. 440 þús. kr. Þær skýrslur eru ekki enn hæfar til afgreiðslu vegna þess að frekari upplýsingar vantar.

Ástæða er til að ætla að enn eigi eftir að berast nokkrar skýrslur. Það hefur gert sjóðnum erfitt fyrir hve margir hafa tekið seint við sér og trassað að senda inn skýrslur. Svo virðist sem sumir hafi ekki gert sér grein fyrir að þeir ættu þennan endurkröfurétt á sjóðinn.

Greiðslur á þessu ári úr áhafnadeild til sjómanna.

Frá síðustu áramótum hafa alls verið greiddar 328,2 millj. kr. úr áhafnadeild til sjómanna. Þar af eru 115,8 millj. kr. vegna áranna 1985 og 1984.